

Ársskýrsla 2015

*FAGMENNSKA
SAMVINNA
VIRÐING*





Ársskýrsla HSN 2015

Rafræn útgáfa 2016

Umsjón: Guðný Friðriksdóttir

Prófarkalestur: Haraldur Ingólfsson

Hönnun og umbrot: Stíll

● Efnisyfirlit

Pistill frá forstjóra	4
Stjórnendur	6
Skipurit og skipulag HSN	7
Heilsugæsla	10
● Mæðravernd	12
● Ung- og smábarnavernd	13
● Heilsuvernd grunnskólabarna	14
● Heimahjúkrun	15
● Sjúkraflutningar	16
● Fjölskyldurráðgjöf	17
● Unglingamóttaka	17
● Lífsstíls- og sykursýkismóttaka	18
● Hreyfiseðlar	18
● Heiluseflandi heimsóknir	19
● Bólusetningar	19
Hjúkrunar- og sjúkrasvið	20
Göngudeild	21
Hópskoðun krabbameinsfélagsins	22
Ráðgjöf í reykbindindi	22
Rannsóknir og myndgreining	23
Starfsmannamál - yfirlit	24
Gjafir til HSN	26
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	28
Samantekinn rekstarreikningur 2015	29
Sundurliðaður rekstarreikningur 2015	30
Efnahagsreikningur 2015	31
Sjóðsstreymi 2015	32



● Pistill frá forstjóra

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsugæslustöðin á Akureyri, Heilsugæslustöðin á Dalvík, Heilbrigðisstofnunin í Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnunin Blönduósi sameinuðust 1. október 2014 í Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). Fyrsta heila rekstrarár HSN var árið 2015. Markaðist árið af þeim verkefnum sem fylgdu sameiningunni.

Í upphafi árs voru ráðnir til stofnunarinnar eftirtaldir lykilstjórnendur: Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækningar, Guðmundur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og stoðþjónustu, og Þórhallur Harðarson mannauðsstjóri. Jón Helgi Björnsson hafði nokkru fyrr verið skipaður forstjóri.

Mikil vinna var lögð í að koma innra skipulagi á stofnunina; skýra stöðu stjórnenda, endurskipuleggja verkefni á skrifstofum og virkja nefndir. Mörg krefjandi verkefni voru við að sameina bókhald stofnananna í eitt og var lögð áhersla á að innleiða rafræna ferla í bókhaldi eins og kostur var. Stofnunin er dreifstýrð á þann hátt að ekki eru eiginlegar höfuðstöðvar heldur hafa stjórnendur starfsaðstöðu á þeirri starfsstöð sem hentar. Upplýsingatækni er lykillinn að því að slíkt skipulag gangi upp. Fjölmörg verkefni voru unnin á sviði upplýsingatækni á árinu tengd sameiningu í HSN. Upplýsingakerfi var sameinað í eitt sameiginlegt umhverfi, Office 365 innleitt, ný netföng sett upp, sett upp tímaskráningarkerfið Vinnustund og Matráður þar sem það var ekki fyrir. Samhliða þessum innleiðingum var sett upp Skype for business

sem auðveldað hefur samstarf þvert á starfseiningar. Auk þess voru endurnýjaðar flestar tölvur hinnar sameinuðu stofnunar.

Hafin var vinna við uppsetningu gæðahandbókar í Sharepoint-kerfi. Misjafnt var hversu umfangsmiklar gæðahandbækur voru til á gömlu stofnununum. Leggja þarf í talsverða vinnu til að koma nýrri gæðahandbók í viðunandi horf.

Sjúkraskráningarkerfi höfðu verið sameinuð á Norðurlandi fyrir sameiningu og kom það sér vel að ekki þurfti að ráðast í það verkefni. Lagt hefur verið í mikla vinnu við að samræma skráningar í sjúkraskráningarkerfi og er talsverð vinna þar óunnin. Sjá má í ársskýrslunni mismun milli svæða sem ekki verður skýrður með öðru en mismunandi skráningaraðferðum.

Ný heimasíða, www.hsn.is, var sett upp til að auðvelda íbúum aðgang að þjónustu stofnunarinnar. Heimasíðan er sett þannig upp að stærri byggðakjarnar hafi eigin síðu sem auðveldar íbúum að nálgast upplýsingar um þjónustu á heimasvæði. Samhliða var Heilsuveran sett upp á heimasíðuna. Þar er verkefni að auka notkun þeirrar lausnar til þess að íbúar geti endurnýjað lyf og pantað tíma hjá lækni rafrænt.

Flestar stofnanirnar sem sameinuðust inn í HSN höfðu einnig orðið fyrir miklum niðurskurði fjárveitinga á síðustu árum og var því fjárhags- og rekstrarstaða þung í upphafi.

Litlar breytingar urðu á þjónustu þeirra stofnana sem sameinuðust inn í HSN. Vinnudeilur ollu þó verulegri röskun á starfsemi HSN á fyrri hluta ársins. Fjölgað var um hjúkrunarrými á Sauðárkróki og Húsavík og hjúkr-unarmóttakan á Akureyri var styrkt. HSN Húsavík tók að sér að sjá um símsvörun í 1700 símann á daginn og er það skemmtilegt viðbótarverkefni. Þá var einnig byrjað að byggja nýja heilsugæslustöð í Mývatnssveit sem lengi hafði verið beðið eftir.

Hafist var handa um að samræma stofnanasamninga innan HSN og stefnt er að því að klára nýja stofnanasamninga á árinu 2016. Ljóst er að slík samræming mun kosta HSN talsverða fjármuni sem ekki hafa fengist bættir.

Við sameiningu stofnananna sex í Heilbrigðisstofnun Norðurlands voru stofnaðir fjölmargir vinnuhópar sem unnu að mörgum mismunandi verkefnum. Markmiðið var að virkja starfsfólk við þau mörgu verkefni er fylgdu sameiningunni. Miklu skipti í sameiningarferlinu að virkja sem flesta til þátttöku. Í framhaldi þeirrar vinnu var hafist handa um stefnumótun fyrir stofnunina í samstarfi við ráðgjafarfyrtækið Nolta. Hófst sú vinna með fundum með öllu starfsfólki stofnunarinnar á haustdögum ársins og mun þeirri vinnu ljúka með rekstrar- og starfsáætlun fyrir árið 2017.

Sameining þessara sex stofnana í Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur á margan hátt heppnast vel. Sérstaklega ber að þakka ómetanlegt framlag starfsmanna sem hafa nálgast þetta verkefni af jákvæðni og fagmennsku. Það hafa starfsmenn gert þrátt fyrir að sameiningin hafi í upphafi notið takmarkaðs stuðnings. Framundan er að nýta samlegð af samstarfi milli starfseininga og starfsviða til að efla þjónustu stofnunarinnar íbúum til heilla.

● Stjórnendur

Jón Helgi Björnsson, forstjóri

Framkvæmdastjórar

Guðmundur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða

Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar

Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga

Fjármála- og mannauðsþjónusta

Regína Sigurðardóttir, forstöðumaður bókhaldsþjónustu

Pórhallur Harðarson, mannauðsstjóri

Yfirlæknar

Fjölfnir Freyr Guðmundsson, Blönduósi

Þorsteinn Þorsteinsson, Sauðárkróki

Valþór Stefánsson, Fjallabyggð

Guðmundur Pálsson, Dalvík

Jón Torfi Halldórsson, Akureyri

Ásgeir Böðvarsson, Húsavík - sjúkrasvið

Unnsteinn Júlíusson, Húsavík - heilsugæsla

Sigurður Halldórsson, Kópaskeri

Yfirhjúkrunarfræðingar svæða

Pórdís Rósa Sigurðardóttir, Akureyri

Gerður Beta Jóhannsdóttir, Blönduósi

Ásdís Arinbjarnardóttir, Blönduósi

Anita Aanesen, Dalvík


Áslaug Halldórsdóttir, Húsavík

Anna S. Gilsdóttir, Fjallabyggð


Herdís Klausen, Sauðárkróki

Skipurit og skipulag HSN


Skipurit Heilbrigðisstofnunar Norðurlands



Ábyrgð og verkefni





Skipurit hjúkrunar






Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis og sviðs (hjúkrun/sjúkrahús/heilsugæsla) getur verið sami einstaklingurinn

Skipurit lækninga





-  Sérhæfð sjúkrahús
-  Heilsugæsla og sjúkrarými
-  Heilsugæslustöð
-  Heilsugæslusel
-  Mörk heilbrigðisumdæmis

Nefndir og ráð í skipulagi HSN

Ráð:

- Fagráð
- Gæða- og öryggisráð
- Þekkingar- og endurmenntunarráð


Nefndir:

- Innkaupanefnd
- Viðbragðsstjórn – áfallateymi
- Lyfjanefnd
- Jafnréttisnefnd

● Heilsugæsla

Heilbrigðisstofnun Norðurlands nær frá Þórshöfn í austri til Blönduóss í vestri og sinnir allri heilsugæsluþjónustu á því svæði. Á starfssvæðinu eru sex meginstarfsstöðvar sem eru Húsavík, Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Sauðárkókur og Blönduós, en í heild eru heilsugæslustöðvar og heilsugæslusel alls 17 talsins. Íbúafjöldi á svæði HSN er 35.119 og má sjá skiptingu íbúa eftir svæðum á myndinni hér fyrir neðan.


Íbúafjöldi eftir svæðum HSN





Almennir þjónustubættir á heilsugæslustöðvunum eru móttaka og vaktþjónusta heilsugæslulækna, heimahjúkrun, hjúkrunarmóttaka, ungbarna- og mæðravernd, heilsuvernd grunnskólabarna og önnur heilsuvernd. Einnig heyra sjúkraflutningar undir heilsugæsluna.

Á árinu voru heildarsamskipti lækna við skjólstæðinga alls 183.390. Hér fyrir neðan má sjá nánari skiptingu eftir meginstarfsstöðvum lækna og tegund samskipta þeirra við skjólstæðinga á hverju starfssvæði.

Heildarfjöldi samskipta - læknar



Heildarsamskipti hjúkrunarfræðinga á stöð við skjólstæðinga voru alls 29.835 talsins. Samskipti í heimahjúkrun og skólahjúkrun eru ekki inni í þessum tölum. Heildarsamskipti ljósmæðra við skjólstæðinga voru 6.959 talsins. Eftirfarandi tvær myndir sýna nánari skiptingu niður á meginstarfsstöðvar.




Mæðravernd

Ljósmeður í samvinnu við heimilislækna sinna mæðravernd heilsugæslunnar og stuðla að heilbrigði móður og barns á meðgöngutímanum og eftir fæðingu. Veita faglega umönnun, stuðning og ráðgjöf til verðandi foreldra, greina áhættuþætti og bregðast við þeim. Mæðraverndin miðar einnig að því að fyrirbyggja og greina líkamleg og andleg frávik hjá mæðrum á meðgöngutímanum og gera viðeigandi ráðstafanir.

Á árinu var fjöldi kvenna í mæðravernd 644 og fjöldi skoðana var 3.788. Á eftirfarandi mynd má sjá nánari skiptingu eftir meginstarfsstöðvum.

Fjöldi kvenna og skoðana í mæðravernd




Ung- og smábarnavernd


Í ung- og smábarnavernd er fylgst með vexti og þroska barnsins og lögð áhersla á stuðning við fjölskylduna. Fyrstu vikurnar eftir fæðingu er boðið upp á heimavitjanir en síðan reglubundnar skoðanir á heilsugæslustöðinni fram að skólaaldri.

Heildarfjöldi vitjana á HSN var 1.012 og viðtala 7.318. Sjá má nánari skiptingu eftir meginstarfsstöðvum á myndum á næstu síðu.

Fjöldi viðtala í ungbarnavernd



Fjöldi vitjana í ungbarnavernd




Heilsuvernd grunnskólabarna

Heilsuvernd grunnskólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd og er markmið hennar að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Hjúkrunarfræðingar sem sinna heilsuvernd grunnskólabarna hafa fastan viðverutíma í skólum og sinna þeir fræðslu, heilsueflingu, bólusetningum, skimunum, skoðunum og umönnun veikra og slasaðra barna ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Á svæði HSN er 31 grunnskóli með 4.712 nemendum og voru heildarsamskipti við skjólstæðinga alls 44.955.


Eftirfarandi myndir sýna fjölda nemenda í skólum eftir meginstarfsstöðvum HSN og fjölda samskipta í heilsuvernd grunnskólabarna.

Fjöldi nemenda í grunnskólum



- Akureyri
- Blönduós
- Dalvík
- Fjallabyggð
- Húsavík
- Sauðárkrókur

Heildarsamskipti í heilsuvernd grunnskólabarna





	Akureyri	Blönduós	Dalvík	Fjallabyggð	Húsavík	Sauðárkrókur
■ Fræðsla	17.089	800	1.102	1.323	2.663	1.817
■ Bólusetningar	956	82	73	49	158	168
■ Skimanir	2.830	340	236	216	669	405
■ Lífstílsmat	1.124	117	103	85	213	181
■ Einstaklingsþjónusta	4.763	33	46	232	1.004	430
■ Tölvupóstsamskipti v/foreldra	5.628	0	0	0	20	0

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er fyrir einstaklinga á öllum aldri sem búa í heimahúsi og eru í þörf fyrir einstaklingshæfða og markvissa hjúkrun.

Heimahjúkrun er í boði á öllum starfsstöðvum á dagvinnutíma. Auk þess er þjónustan í boði á Akureyri um helgar, á kvöldin og á næturnar, á Sauðárkróki á morgnana um helgar og á Húsavík á morgnana um helgar og á kvöldin virka daga ef brýn þörf er á.

Fjöldi samskipta í heimahjúkrun á árinu voru 54.461. Á efri myndinni hér fyrir neðan má sjá yfirlit um fjölda samskipta á svæði HSN skipt niður eftir vöktum. Neðri myndin sýnir hvernig fjöldi samskipta skiptist niður á kyn og eftir meginstarfsstöðvum.




Sjúkraflutningar

Sjúkraflutningar eru skráðir hjá Neyðarlínu og er mikilvægi forgangs flokkað í F1-F4. Slökkvilið Akureyrar sinnir sjúkraflutningum á sínu svæði og HSN er með samning við Sveitarfélagið Skagafjörð um sjúkraflutninga þar. Sérstakur samningur er um flutningana í Hrísey og Grímsey, en á öðrum starfsstöðvum eru sjúkraflutningarnir reknir af HSN.

Heildarfjöldi flutninga á svæði HSN á árinu var 3.622 og má sjá nánari skiptingu á flutningum eftir stöðum og forgangi á myndinni hér fyrir neðan.


Sjúkraflutningar á svæði HSN



■ Akureyri
 ■ Blönduós
 ■ Grímsey
 ■ Hrísey
 ■ Húsavík
 ■ Kópasker
 ■ Ólafsfjörður
■ Sauðárkrókur
 ■ Siglufjörður
 ■ Þórshöfn
 ■ Dalvík
 ■ Raufarhöfn
 ■ Skagaströnd


Fjölskylduráðgjöf

Boðið er upp á fjölskylduráðgjöf á HSN á Akureyri þar sem lögð er áhersla á fjölskylduforvarnir með þverfaglegri þjónustu við verðandi og nýorðna foreldra, svo og fjölskyldur leikskóla- og grunnskólabarna. Myndin að neðan sýnir heildarfjölda einstaklinga og samskipta í fjölskylduráðgjöf.



Unglingamóttaka

Unglingamóttaka er starfrækt á HSN Akureyri. Markmiðið með henni er að auka aðgang ungs fólks að heilsugæslunni og getur það leitað á móttökuna með sín vandamál. Hjúkrunarfræðingar sinna móttökunni í samvinnu við heilsugæslulækna. Yfirlit um samskipti í unglingamóttöku eftir kyni má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Lífstíls- og sykursýkismóttaka


Á Sauðárkróki er hjúkrunarfræðingur með móttöku þar sem veitt er ráðgjöf, stuðningur og eftirfylgd við skjólstæðinga sem þurfa að tileinka sér nýtt mataræði og breyta lífsstíl (t.d. offita, sykursýki, há blóðfita). Fjöldi koma á árinu var 68.

Á Húsavík er sykursýkismóttaka þar sem læknir, hjúkrunarfræðingur og næringarráðgjafi hitta einstaklinga með sykursýki. Markmið móttökunnar er að stuðla að auknum lífsgæðum hjá sykursjúkum og koma í veg fyrir alvarlega fylgikvilla. Það er gert með reglulegu eftirliti, fræðslu og meðferð. Fjöldi koma á árinu var 289.

Hreyfiseðlar


Hreyfiseðill er meðferðarúrræði þar sem læknir, í samráði við skjólstæðing, ávísar hreyfingu sem meðferð eða hluta af meðferð við þeim sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum sem verið er að fást við. Einstaklingi er vísað til hreyfistjóra, sem er sjúkraþjálfari og útbýr hreyfiáætlun í samráði við viðkomandi. Verið er að innleiða hreyfiseðla á HSN og eru starfsstöðvar misjafnlega langt komnar í því ferli.

Myndin fyrir neðan sýnir komur til hreyfistjóra vegna hreyfiseðla á árinu.




Heilsueflandi heimsóknir

Heilsueflandi heimsóknir var samstarfsverkefni Heilsugæslunnar á Akureyri og Búsetudeildar Akureyrarbæjar þar til um mitt ár 2015 þegar HSN tók verkefnið yfir. Í upphafi var öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og njóta ekki þjónustu boðin heimsókn en nú er miðað við 80 ára og eldri. Aldurshópurinn 75-79 ára getur hringt og þantað sér símaviðtal eða viðtal við starfsmenn heilsueflandi heimsókna. Í heilsueflandi heimsóknum er lögð áhersla á að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf og hvetja og styrkja einstaklinginn til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst. Hér fyrir neðan má sjá fjölda einstaklinga 75 ára og eldri og yfirlit um heimsóknir og símtöl.



Bólusetningar

Heildarfjöldi bólusetninga á HSN var 11.088 á árinu. Bólusetningum er skipt í flokka, vegna ferðalaga erlendis, vegna árlegrar influensu og aðrar bólusetningar sem eru fyrst og fremst bólusetningar í ungbarnavernd og í heilsuvernd grunnskólabarna. Sjá má yfirlit um fjölda bólusetninga eftir meginstarfsstöðvum á eftirfarandi mynd.




Hjúkrunar- og sjúkrasvið

Á stofnuninni eru rekin sjúkrahús á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð og Húsavík. Hlutverk þeirra er að veita almenna sjúkrahúsbjónustu ásamt viðeigandi stoðþjónustu, eftir þörf og umfangi á hverjum stað. Einnig að starfrækja hjúkrunardeildir og sinna öldrunarþjónustu. Á svæðinu eru hjúkrunardeildir einnig víða reknar af sveitarfélögum. Umtalsverð sérfræðiþjónusta er rekin á göngu- deildum í tengslum við sjúkrahúsin.

Rými eru í heildina 149, þar af eru 21 sjúkrarými, 110 hjúkrunar- rými og 18 dvalarrými og má sjá hvernig þau skiptast á milli staða á myndinni hér fyrir neðan. HSN er einnig með samning um rekstur á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík, en þar eru 27 hjúkrunarrými og 17 dvalarrými. Samningurinn nær einnig til 23ja dagdvalarrýma í Norðurþingi. Myndin fyrir neðan sýnir fjölda sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrýma á HSN á árinu.

Sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými á HSN







Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit um fjölda rýma eftir deildum HSN og meðalnýtingu þeirra á árinu 2015. Hjúkrunarrýmum á Sauðárkróki var fjölgað um tvö á árinu en fóru ekki í nýtingu fyrr en þegar leið á árið og hefur það áhrif á nýtingartölur á deild 2.

	Fjöldi sjúklinga	Dvalir	Legudagar	Rúma- fjöldi	Meðalnýting rúma	Meðalfjöldi legudaga án leyfisdaga	Meðalfj. sj. á dag
B: Hjúkrunar-, sjúkra- og dvalardeild	90	142	11.126	34	89.40%	78.1	30.5
F: Hjúkrunar- og sjúkradeild	130	175	8.092	23	96.39%	46.5	22.2
H: Hjúkrunar- og sjúkradeild	208	357	4.620	13	95.86%	12.7	12.7
H: Hjúkrunardeild	34	53	6.158	18	93.59%	116.0	16.9
S: Deild 1 sjúkradeild	194	312	2.418	7	94.17%	7.70	6.6
S: Deild 2 hjúkrunardeild	29	32	4.765	15	87.03%	148.90	13.1
S: Deild 3 hjúkrunardeild	16	16	3.071	9	93.48%	191.90	8.4
S: Deild 5 hjúkrunardeild	25	27	7.230	21	94.32%	267.80	19.8
S: Deild 6 dvalarheimili	13	15	3.157	9	96.09%	210.40	8.6

Göngudeild


Á göngudeildum fara fram móttökur sérfræðilækna, speglanir, minni aðgerðir, ýmsar rannsóknir eins og hjartaþolspróf, ómanir og sólarhringshartarítun (Holter). Misjafnt er þó milli starfsstöðva hversu umfangsmikil þessi starfsemi er. Myndirnar hér fyrir neðan sýna fjölda ómskoðana á árinu.






● Hópskoðun krabbameinsfélagsins

Hópskoðun vegna krabbameinsleitar í legi fer fram árlega í samvinnu við Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands þar sem konur eru með reglubundnum hætti kallaðar inn til skoðunar skv. sérstöku skipulagi og tekur ljósmóðir, hjúkrunarfræðingur eða kvensjúkdómalæknir sýnin. Læknar og ljósmæður/hjúkrunarfræðingar stofnunarinnar taka einnig sýni utan reglulegra hópskoðana. Á myndinni fyrir neðan má sjá fjölda sýna sem tekin voru í hópskoðun Krabbameinsfélagsins.







● Ráðgjöf í reykbíndindi

HSN rekur Ráðgjöf í reykbíndindi í samstarfi við embætti landlæknis og velferðarráðuneytið. Ráðgjöf í reykbíndindi er símaþjónusta fyrir þá sem vilja hætta tóbaksnotkun, hætta að nota reyklaust tóbak eða minnka eða hætta notkun nikótínlyfja. Á myndinni fyrir neðan er yfirlit um fjölda samtala sem fram fóru í Ráðgjöfinni á árinu.



Rannsóknir og myndgreining


Rannsóknarstofur eru á öllum meginstarfsstöðvum HSN nema á Akureyri. Þær rannsóknir sem ekki eru gerðar á starfsstöðvunum eru að langstærstum hluta sendar á SAK en einnig á LSH. Rannsóknir á Húsavík eru taldar á annan hátt en á öðrum starfsstöðvum (oftaldr miðað við hina staðina) og því ekki sambærilegar. Eitthvað er um að rannsóknir séu sendar milli rannsóknarstofa innan HSN. Röntgenmyndatök eru framkvæmdar á öllum meginstarfsstöðvum HSN nema á Akureyri. Einnig eru framkvæmdar ómskoðanir í Fjallabyggð og á Sauðárkróki.




● Starfsmannamál

Á HSN starfa um 510 starfsmenn að jafnaði í um 354 stöðugildum, þá eru ekki meðtaldir lækna á verktakasamningum. Hjúkrunarfræðingar eru fjölmennasta starfsstétt HSN og eru og þeir í 79,2 stöðugildum, síðan koma almennir starfsmenn en þeir eru í 73,6 stöðugildum og þar á eftir sjúkraliðar í 67,2 stöðugildum. Greidd stöðugildi lækna eru um 35 en auk þess eru 3,5 stöðugildi greidd læknum í verktöku.


Greitt starfshlutfall eftir starfsheitum



Starfsmenn eru að meðaltali í 70% stöðuhlutfalli og eru 14% þeirra karlmenn og 86% konur. Meðalaldur starfsmanna er 51,2 ár og kemur fram hvernig þeir skiptast eftir aldursbilum á myndinni fyrir neðan.



Hér fyrir neðan má sjá greidd stöðugildi eftir skipulagseiningum. Undir yfirstjórn eru, auk framkvæmdastjórnar, mannauðsstjóri, fjármálasvið, gæðasvið, tæknisvið og stjórnendur sem vinna þvert á stofnunina.





● Gjafir til HSN

Heilbrigðisstofnun Norðurlands berast reglulega gjafir frá velunnum stofnunarinnar. Gjafirnar bæta til muna tækjabúnað stofnunarinnar og starfsfólkið metur mikils hlýjan hug og örlæti styrktar og stuðningsaðila.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Blönduósi

Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu færði Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Blönduósi lyfjadælu að verðmæti 250.000 kr.

Kvenfélög í Austur-Húnavatnssýslu gáfu Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Blönduósi brjóstadælu að verðmæti 320.000 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Sauðárkróki

Lionsklúbburinn Höfði, Hofsósi, færði sjúkrabjálfun Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sauðárkróki, tvö þrekhlól af gerðinni Monark að verðmæti 505.000 kr.

Kiwanisklúbburinn Drangey styrkti Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki um 3.830.000 kr. við kaup á speglunartæki, en um er að ræða alhliða speglunartæki bæði fyrir maga og ristil og tækin eru ein fullkomnustu sinnar tegundar á landinu.

Nemendur í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum færðu stofnuninni 90.000 kr. til tækjakaupa.

Magnús Guðmundsson, íbúi á dvalardeild HSN á Sauðárkróki, færði stofnuninni 550.000 kr. til tækjakaupa.

Minningarsjóður Sigurlaugar Guðmundsdóttur frá Ási gaf rannsóknartæki að andvirði 1.400.000 kr.

Minningarsjóður Sigurlaugar Guðmundsdóttur frá Ási gaf CYF-V2 VIDEO ENDOSCOPE að verðmæti 1.200.000 kr.

Hákon Snær Rúnarsson, 9 ára gamall, færði sjúkradeildinni 10 útvarpstæki að verðmæti 48.000 kr. og 5.000 kr. í tækjakaupasjóð að auki.

Nemendur Árskóla á Sauðárkróki afhentu 435.000 kr. til tækjakaupa.

Velunnarar endurhæfingar færðu endurhæfingardeildinni/sjúkrabjálfun göngubretti af gerðinni Cybex að gjöf. Andvirði gjafar var 1.300.000 kr.

Afkomendur Önnu Jónsdóttur og Steingríms Vilhjálmssonar gáfu 1.271.650 kr. í Minningarsjóð Sigurlaugar frá Ási til kaupa á hjartalínuritstæki og enn fremur 300.000 kr. í tækjakaupasjóð til kaupa á göngugrind og tveimur hjólastólum.

María Magnúsdóttir frá Stóru-Ökrum færði sjúkradeildinni 500.000 kr. til minningar um Sigurð Björnsson frá Stóru-Ökrum.

Gjafir til starfsstöðvar HSN í Fjallabyggð

Kvenfélag sjúkrahúss Siglufjarðar færði Heilbrigðisstofnun Norðurlands í Fjallabyggð stól/bekk fyrir blóðprufutökur að verðmæti 330.000 kr.

Kvenfélag sjúkrahúss Siglufjarðar færði Heilbrigðisstofnun Norðurlands í Fjallabyggð vöktunarbúnað inn í bjöllukerfið að verðmæti 110.000 kr.

Minningarsjóður Guðnýjar Stefáns færði Heilbrigðisstofnun Norðurlands í Fjallabyggð kemíutæki fyrir rannsóknarstofu að verðmæti 1.450.000 kr.

Sigfúsína Stefánsdóttir færði Heilbrigðisstofnun Norðurlands í Fjallabyggð borðstofuskáp og 40 manna spari matar- og kaffistell ásamt hnífapörum fyrir sama fjölda að verðmæti 615.000 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Dalvík

Heilsugæslunni á Dalvík barst Lucas hjartahnoðtæki frá Lionsklúbbum Sunnu á Dalvík að verðmæti 2.500.000 kr.

Kvenfélagið Hvöt á Árskógsströnd færði Heilsugæslunni á Dalvík skoðunarbekk að verðmæti 230.000 kr.

Heilsugæslan á Dalvík fékk spirometriu að gjöf frá Kvenfélaginu Hvöt á Árskógsströnd að verðmæti 150.000 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Húsavík

Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík bærust eftirfarandi gjafir frá Gjafsjóði stofnunarinnar:

Medikro Primo Spirometer á Þórshöfn að verðmæti 155.000 kr.

Hitamælir TermoScan eyrna að verðmæti 55.000 kr.

Vökvastandur á hjólum að verðmæti 95.000 kr.

Vökvadæla GW að verðmæti 520.000 kr.

Hjúkrunarrúm og tvö náttborð að verðmæti 660.000 kr.

Blóðþrýstingsmælir ProBP að verðmæti 175.000 kr.

2 stk. Resp EverFlo súrefnissíur að verðmæti 310.000 kr.

Samartin PAD 350 hjartastuðtæki að verðmæti 200.000 kr.

Hjúkrunarrúm og tvær rúmdýnur að verðmæti 520.000 kr.

Prime 1105 5th wheel að verðmæti 925.000 kr.

LSU sogtæki og veggfesting að verðmæti 340.000 kr.

PHYC hjartastuðtæki og blóðþrýstingsmælir að verðmæti 2.855.000 kr.

Göngudeild Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Húsavík barst einnig vegleg gjöf frá Benedikt Sveinssyni sérfræðingi. Hann gaf allt sem tilheyrði stofnunni sinni, Gynekologiuáhöld og verkfæri, legubekk, gynstól 2, sónertæki og tvö verkfæraborð.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Raufarhöfn og Kópaskeri

Kvenfélagið Freyja, Kvenfélag Öxarfjarðar og Kvenfélagið Stjarnan Kópaskeri færðu heilsugæslunum á Raufarhöfn og Kópaskeri HEINE led Otoloscope og Ophthalmoscope og hleðslustöð á báðar stöðvar, auk þess eitt sett með óendurhlaðanlegri rafhlöðu í tösku vaktlæknis að verðmæti 180.000 kr. Leysti þetta af hólmi rúmlega 50 ára tæki frá WellsAllyn.

Samtals bærust styrkir og gjafir til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands að verðmæti tæplega 24,4 m.kr. á árinu 2015. Rausnarleg framlög íbúanna á starfssvæði stofnunarinnar eru henni mikilvæg til að viðhalda og efla heilbrigðisþjónustu á starfssvæðinu.



● Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Heilbrigðisstofnun Norðurlands starfar í samræmi við lög nr. 40/2007 ásamt öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsákvörðunum er snerta starfsemi stofnunarinnar.

Rekstri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er skipt upp í þrjú rekstrarsvið og eitt stoðsvið. Rekstrarsviðin eru heilsugæsla, almenn sjúkrahúspjónusta og hjúkrunarþjónusta. Stoðsviðinu tilheyrir fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og mannauðspjónusta.

Ársreikningur fyrir árið 2015 birtir rekstur og efnahag hinnar nýju stofnunar og til samanburðar er birtur rekstur og efnahagur eldri stofnana fyrir árið 2014. Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók við sameininguna yfir eignir, skuldir og eigið fé forvera sinna. HSN tók einnig við uppsöfnuðum rekstrarhalla framangreindra stofnana að Heilsugæslunni á Akureyri undanskilinni, en hún var áður rekin af Akureyrarbæ.

Á árinu 2015 var rekstrarafkoma stofnunarinnar jákvæð um 1,1 m.kr. Í árslok 2015 voru eignir Heilbrigðisstofnunar Norðurlands 236,2 m.kr. og skuldir 326,2 m.kr. Eigið fé var neikvætt um 90 m.kr. og höfuðstóll neikvæður um 96,3 m.kr.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og stoðþjónustu staðfesta ársreikning Heilbrigðisstofnunar Norðurlands með áritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Forstjóri



Framkvæmdastjóri fjármála og stoðþjónustu



● Samantekinn rekstrarreikningur 2015

Heilbrigðisstofnun Norðurlands
08-757

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Fjárheimildir 2015
Tekjur			
Sértekjur.....	487.261.639	379.863.167	322.800.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	487.261.639	379.863.167	322.800.000
Gjöld			
Almennur rekstur	4.726.380.067	4.197.795.580	4.563.000.000
101 Heilsugæslusvið.....	1.971.510.207	1.876.300.546	2.405.600.000
111 Sjúkrasvið.....	2.058.512.838	1.469.362.797	879.500.000
121 Hjúkrunarrými.....	696.357.022	852.132.237	1.277.900.000
Gjöld samtals	4.726.380.067	4.197.795.580	4.563.000.000
Tekjur umfram gjöld	-4.239.118.428	-3.817.932.413	-4.240.200.000
Framlag úr ríkissjóði.....	4.240.200.000	3.738.694.554	4.240.200.000
Hagnaður/tap ársins	1.081.572	-79.237.859	0

Sundurliðaður rekstrarreikningur 2015

Heilbrigðisstofnun Norðurlands		08-757
Sundurliðaður rekstrarreikningur		Reikningur 2015
Sértekjur		-487.261.639
	001 Sértekjur	-487.261.639
Laun		3.367.620.074
	011 Dagvinna	1.864.924.139
	012 Vaktaálag	463.178.801
	013 Aukagreiðslur	100.358.276
	014 Yfirvinna	290.415.224
	015 Launatengd gjöld	648.743.634
Ferðir og fundir		84.065.784
	021 Ferða og dvalarkostnaður innanlands	8.486.828
	022 Ferða og dvalarkostnaður erlendis	10.589.206
	023 Fundir, námskeið og risna	16.332.500
	024 Akstur	48.657.250
Rekstrarvörur		299.838.100
	031 Tímarit, blöð og bækur	772.900
	032 Skrifstofuvörur og áhöld	20.354.361
	033 Aðrar vörur	278.710.839
Aðkeypt þjónusta		474.621.187
	041 Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	18.996.450
	042 Önnur sérfræðiþjónusta	376.070.038
	043 Sími og ýmis leigugjöld	58.372.349
	044 Prentun, póstur, augl., flutningar	21.182.350
Húsnæði		408.166.951
	051 Húsaleiga og aðk. ræsting	353.902.484
	052 Rafmagn og heitt vatn	47.224.654
	053 Verkaup og byggingavörur	7.039.813
	054 Fasteignagjöld og tryggingar	0
Bifreiðar og vélar		18.137.248
	061 Verkstæði og varahlutir	6.078.881
	062 Brensluefni og olíur	7.182.890
	063 Tryggingar og skattar	4.875.477
Rekstrarkostnaður		73.930.723
	071 Vextir, bætur, skattar	5.478.070
	072 Eignakaup	68.390.573
	073 Tilfærslur	62.080
Tekjur umfram gjöld		-4.239.118.428
Framlag ríkissjóðs		4.240.200.000
Hagnaður ársins		1.081.572

Efnahagsreikningur 2015

Heilbrigðisstofnun Norðurlands
08-757

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2015	Reikningur 31.12.2014
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	0	0
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	33.270.367	24.858.382
Inneign hjá ríkissjóði	0	22.448.438
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	192.599.396	52.304.637
Handbært fé	10.318.659	10.784.696
Veltufjármunir samtals	236.188.422	110.396.153
Eignir samtals	236.188.422	110.396.153
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	-97.387.423	-18.149.564
Breyting v/lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	1.081.572	-79.237.859
Höfuðstóll í árslok	-96.305.851	-97.387.423
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	6.318.264	6.318.264
Annað eigið fé samtals	6.318.264	6.318.264
Eigið fé í árslok	-89.987.587	-91.069.159
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	44.099.836	32.754.275
Skuld við ríkissjóð	15.090.181	0
Skammtímalántökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	266.985.992	168.711.037
Skammtímaskuldir samtals	326.176.009	201.465.312
Skuldir samtals	326.176.009	201.465.312
Skuldir og eigið fé samtals	236.188.422	110.396.153



● Sjóðstreymi 2015

Heilbrigðisstofnun Norðurlands
08-757

Sjóðstreymi

	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Hagnaður/tap ársins	1.081.572	-79.237.859
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	-148.706.744	16.033.447
Breyting skammtímaskulda	109.620.516	38.375.693
Handbært fé frá rekstri	-38.004.656	-24.828.719
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-4.240.200.000	-3.738.694.554
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	4.277.738.619	3.736.397.373
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	37.538.619	-2.297.181
Breyting á handbæru fé	-466.037	-27.125.900
Handbært fé í ársbyrjun	10.784.696	37.910.596
Handbært fé, hreyfingar	-466.037	-27.125.900
Handbært fé í árslok	10.318.659	10.784.696

